

Nemendur stýrimannaskólans leggja orð í belg

Vegna blaðaskrifa og fréttu í fjölmiðlum vill nemendaráð Stýrimannaskólans í Reykjavík koma fram eftirfarandi bréfi, sem sent var skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni þann 14. marz s.l. og fjallar um undanþágumálið.

„Heiðraða stjórn.
Varðandi grein, sem birt var í Morgunblaðinu þann 13. marz s.l. um undanþágumálið, höfum við gert eftirfarandi samþykkt:

Við styðjum allar þær aðgerðir, sem miða að því að leysa jafn yfirþyrmandi vandamál og undanþágumálið er, og viljum því lýsa yfir ánægju okkar á þessari grein, sem sýnir ljóslega hversu fánánlega að er staðið í einu af okkar brýnustu hagsmunamálum. Við vitum að skortur á menntuðum yfirmönnum á fiskiskipafloetanum er mikill og fer heldur vaxandi. Það er því ekki seinna vænna að ríða á vabið og reyna að leysa þetta mál. Aðsókn í Stýrimannaskóla er alls ekki nógu mikil, en þó virðist sem aðsókn í aðra skóla, svo sem menntaskólana, aukist, ekki um hundruð heldur um þúsundir. Þetta leiðir að sjálfsögðu til mjög slæmrar þróunar, en það virðist vera allt annað en stýrimannamenntum, sem ungir menn hafa áhuga á í dag, enda er skólans sjaldan getið á opinberum vettvangi og kynning hans er fremur lítil út á við.

Það hlýtur því að vera kappsmál hjá okkur að stuðla að frekari kynningu skólans í íslenzku þjóðfélagi og laða að honum unga og upprennandi menn. Það gladdi okkur því innilega, að til skyldu vera menn, sem sæju meinið og minnst á þau atriði er mestu máli skipta í sambandi við lausn undanþágumálsins, en það eru að okkar álit stáða og álit stýrimannaskólanna og sú staðreynd að þeir eru ekki gerðir að nógu og eftirsóknarverður takmarki fyrir unga menn, sem ef til vill stafar af þeim einhæfu atvinnuréttindum, sem stýrimannaskólarnir hafa upp á að bjóða enn sem komið er.

Við sendum um daginn bréflaga áskorun til samgönguráðherra, þar sem við skoruðum á hann að draga verulega úr undanþáguveitingum og reyndum að sýna honum fram á þau neikvæðu áhrif, sem svona iðstöðuleysi hefði í för með sér. Það er varla við því að búast að eitt lítið bréf hafi einhver úrslitaáhrif í jafn umfangsmiklu máli og undanþágumálið er, en við reynum það sem við getum og erum hvenær sem er tilbúnir til samvinnu við ykkur og lýsum yfir fullum stuðningi við aðgerðir þessarar.

Furða sig á ráðuneytinu
Síðan þetta bréf var skrifað hefur samgönguráðuneytið sent frá sér athugasemd (Mbl. 20. marz), sem stjórn Öldunnar hefur síðan svarað (Mbl. 23. marz). Einnig hefur þetta mál komið til umræðu í útvarpi og sjónvarpi. Vegna þessara umræðna og blaðaskrifa vill stjórn nemendaráðs Stýrimannaskólans í Reykjavík koma fram eftirfarandi:

Við viljum lýsa furðu okkar yfir þeim skrifum, sem samgönguráðuneytið hefur látið fara frá sér varðandi undanþágumálið. Við getum ekki fallið á að það sé í verkahring ráðuneytisins að vera m.a. með persónulegar aðdróttanir á hendur formanni skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar. Einnig finnst okkur ráðuneytið gera lítið úr því vandamáli, sem undanþágumálið er, á meðan benda má á, að lögreglan í Reykjavík er að svipta öukumenn ökuskirteinum sínum

vegna þess að þeir reynast ekki vera þeim hæfileikum og kunnáttu búnir, að þeir geti stjórnað bil.

An stýrimannaprófs, engar undanþágur.

Undanþáguvandamálið verður ekki leyst í einni svipan, en á meðan undanþágur eru gefnar út, þykir okkur sjálfsagt að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt við útgáfu þeirra.

1. Sá, sem ekkert stýrimannapróf hefur, geti enga undanþágu fengið.
2. Þegar útgerðarmaður óskar eftir undanþágu, skal hann sýna að hann hafi auglýst minnst tvisvar í fjölmiðlum eftir manni í skipsrúmið. Í auglýsingunni skal tekið fram eftirfarandi: Hvaða bát um er að ræða, stærð hans, hvar hann er gerður út og með hvaða veiðarfæri hann er með.
3. Sá, sem einhver stýrimannaréttindi hefur, geti aðeins fengið undanþágu fyrir takmarkaða stærð báta, þ.e. að maður með 30 tonna réttindi geti aðeins fengið undanþágu á báta allt að 50–60 tn. og maður með 120 tonna réttindi geti fengið undanþágu á báta allt að 170–180 tn. o.s.frv.
4. Sá, sem undanþágan er fyrir, fullnægi skilyrðum þeim, sem eru fyrir inngöngu í Stýrimannaskólana. Hér er átt við að hann hafi eftirfarandi vottorð í lagi: augnvottorð, almennt heilbrigðisvottorð, og auk þess siglingartíma.
5. Í stað orðanna á undanþágum „fyrst um sinn, þar til réttindamaður er fánægur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til (dagsetning)“ komi eftirfarandi: „Undanþágan gildir til (dagsetning allt að 4 mán. frá útgáfudegi) eða þar til ráðuneytið ákveður annað. Þó skal undanþágumadurinn vikja fyrir réttindamanni fyrirvara-laust, ef réttindamaður fæst eða óskar eftir skipsrúminu“.
6. Samgönguráðuneytið haldi fullkomna skrá yfir gildandi undanþágur. Skal þessi skrá gefin út vikulega og send hinum ýmsu stéttarfélögum sjómanna, útgerðarmannafélögum, tryggingarfélagum, öllum sjómannaskólum og hinum ýmsu nemendafélögum þeirra. Einnig skal hún send þeim, sem óska þess og geta sýnt að þeir hafi not fyrir hana.

Undanþága til manns, sem ekki fékk inngöngu í Stýrimannaskólann

Vart ætti að þurfa að útskýra þessi skilyrði nánar, allavega þarf fyrsta skilyrðið ekki útskýringar við að okkar áliti. Í öðru skilyrðinu er talað um auglýsingar. Í dagblöðum má sjá auglýst eftir mönnum í hinar og þessar stöður á bátum og vantar þá oftast flest þau atriði sem minnst er á. Þriðja skilyrðið þarnast ekki útskýringar. Í fjórða skilyrðinu er talað um þann sjálfsagða hlut, að sá sem undanþágan er ætluð fyrir fullnægi inntökuskilyrðum þeim, sem eru í stýrimannaskólana. Einhver heldur sjálfsagt að þetta skilyrði sé algjör óþarfi. Svo er nú heldur betur ekki. Í fyrrrahaust veitti samgönguráðuneytið manni á Suðurnesjum undanþágu til að vera skipstjóri (ekki stýrimaður) á fiskibát. Þessum manni mun hafa verið sýnjað um inngöngu í Stýrimannaskólann í Reykjavík vegna sjóngalla. Með þessu hefur samgönguráðuneytið ekki bara svívirt menntun skipsstjórnarmanna, heldur alla menntun hverju nafni sem hún nefnist. Er þetta aðeins eitt dæmið um hina herfilegu misnotkun í undanþáguveitingum. Í fimmta skilyrðinu er talað um breytt orðalag á undanþágum. Vegna þessa skal það tekið fram að það hefur ekki alltaf verið hlaupið að því fyrir réttindamenn að fá það skipsrúm, sem undanþágumadur

er í, sökum ýmissa orsaka, t.d. tengsla skipstjóra eða útgerðarmanns við undanþágumanninn o.s.frv. Í sjötta skilyrðinu er talað um skrá yfir undanþáguveitingar og sendingu þeirra til hinna ýmsu félaga og stofnana tengdra sjávarútveginum. Er þetta atriði sjálfsagt mjög auðvelt í framkvæmd fyrir samgönguráðuneytið.

Aldur er engin afsökun

Öft gerist það, þegar nemendur Stýrimannaskólans eru á sjó á sumrin, að þeir eru spurðir af skipsfélögum sínum um námið og inntökuskilyrðin í Stýrimannaskólann, og vitum við ekki til annars en að nemendur skólans séu boðnir og búnir til að svara þeim spurningum. Stundum heyrum við þá að menn treysta sér ekki í skólann sökum fjárhagserfiðleika. Nú er ástæðulaust að taka þessa afsökun alvarlega, þar sem Stýrimannaskólinn er nú búinn að fá aðild að lánasjóði íslenzkra námsmanna og ráðleggjum við mönnum eindregið að snúa sér til skrifstofu sjóðsins að Hverfisgötu 21 og afla sér upplýsinga eða þá að hringja þangað.

Aðrar algengar afsakanir eru þær, að menn telja sig vera of gamla til að fara í skólann eða að menn bara einfaldlega treysta sér ekki í námið. Þetta eru einnig ákaflega aumar afsakanir. Vorið 1971 útskrifabist úr 3. bekk maður sem var 51 árs að aldri. Nú kynni einhver að halda að gert hafi verið grín að þessum manni í skólanum. En það var nú öðru nær. Við viljum halda því fram, að flestir nemendur skólans hafi vonað að þegar þeir sjálfir væru komnir á sextugsaldur, að þá væru þeir menn til að drifa sig í skólann, ef þeir þyrftu að mennta sig meira. Sést best af þessu, að stýrimannaskólarnir rúma menn á öllum aldri.

Er nokkur yfir það hafinn að læra meira?

Það, að treysta sér ekki í skólann, af því að menn halda að þeir hafi ekki næga námsháfileika til að bera, er einnig aum afsökun og ættu þeir hinir sömu að rifja það upp hjá sér hvort þeir þekki ekki einhvern, sem hefur stundað nám við Stýrimannaskólann og þeir telji ekki vera fremri sér að námsháfileikum.

Ráðuneytið bendir á það í athugasemd sinni, að undanþágumenn séu öft þau vanir sjómenn og séu sínu starfi vel vaxnir. Við véfengjum þetta ekki, en hins vegar vitum við ekki um einn einstaka undanþágumann, sem hefur verið svo fær í starfi sínu, að hann hafi verið yfir það hafinn að læra meira og þurfi því ekki að fara í skólann.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur mörgum frábærum mönnum á að skipa og það heyrir til undantekninga að nemandi ljúki ekki einhverju prófi t.d. 120 tonna réttindum, þó að hann hafi kannski ekki náð framhaldseinkunn.

Lítilsvirðing verður ekki þolið

Hér hefur verið stiklað á nokkrum atriðum á viðhorfum nemenda Stýrimannaskólans í Reykjavík til undanþágumálsins. Nú er langt liðið á veturinn og próf fara senn að byrja. Við vonum þó, að starfsmenn samgönguráðuneytisins haldi ekki, að nemendur stýrimannaskólanna liði endalaust þá lítilsvirðingu, sem það hefur sýnt stýrimannamenntuninni. Við getum fullvissað það um, að ef það tekur ekki nú þegar í taumana, þá munum við hins vegar gripa til róttækra aðgerða næsta vetur. Varla þarf að minnast á það, að við erum eins og skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, fúsir til víðræðna við ráðuneytið um lausn þessa máls, ef það óskar þess.

Reykjavík, 26. marz 1973
Nemendaráð
Stýrimannaskólans
í Reykjavík
Halldór Halldórsson formaður.

Listsýning opnuð á Sauðárkróki

og áhugi Skagfirðinga á slíkum hlutum kemur vel í ljós

GÓ-Sauðárkróki. — Konur á landsbyggðinni, gera það ekki endasleppt þessa dagana, hvort heldur það varðar landbúnaðarvörur eða listkynningar. Allir hafa nú frétt af listsýningunni á Blönduósi, en nú hefur sú hin sama sýning verið opnuð hér á Sauðárkróki. Það er Samband skagfirzkra kvenna, sem gengst fyrir sýningunni hér, en hún var opnuð miðvikudaginn 28. marz í Safnahúsinu á Sauðárkróki.

Formaður sambandsins, Frú Helga Kristjánsdóttir á Silfrastöðum, setti sýninguna og bauð gesti velkomna. Hún gat þess að Kvenfélagasambandið hefði ætíð látið sig menningarmál miklu varða, og fagnaði því, að hafa fengið tækifæri til að fá hingað þessa fjölbreyttu og fallegu sýningu.

Emma Hansen, prófestsfrú á Hólum, flutti frumort ljóð við þetta tækifæri.

Það er Eyborg Guðmundsdóttir, listmálari, sem hefur annazt útvegum muna, og séð um uppsetningu sýningarinnar, en á henni eru rúmlega 70 verk eftir, rúmlega 30 listamenn. Er þar um að ræða málverk, svartlistarmyndir, höggmyndir, listvefnað og húsagerðarlist.

Eyborg lét þess getið við fréttamann Tímans, að enda þótt mikil vinna og fyrirhöfn lægi að baki sýningar sem þessarar, sæi enginn eftir því, þegar hann sæi áhuga fólksins á þessu og þá þörf, sem er á því að halda slíkar sýningar og kynningar á íslenzkri list. Til þessa hafa konurnar notið styrks frá menntamálaráðuneytinu og úr menningar-sjóði félagsheimila.

Fyrsta heila daginn, sem sýningin var opin, eða á fimmtudag, komu að sjá hana um 400 manns. Má af því marka hinn mikla áhuga, og allir skólar í héraðinu eru annað hvort búnir að sjá hana, eða búnir að gera ráðstafanir til þess.

Þetta framtak kvennanna er einstaklega lofsvert. Það hefur lengi verið þörf á því að gefa almenningi út um land kost á því að kynnast íslenzkri list, og nú hefur verið stigið spor í þá þátt. Fólkið kann líka vel að meta þetta, eins og þegar hefur sýnt sig bæði hér og á Blönduósi, og örugglega verður svo einnig á Húsavík og Selfossi, en þangað verður sýningin flutt héðan. Hafi þær þökk og heiður fyrir framtak sitt.

„Kjarval á Austurlandi“

Menningarsamtök Héraðsbúa halda málverkasýningu á héraðsvöku sinni

SJ-Reykjavík Menningarsamtök Héraðsbúa gangast fyrir héraðsvöku í Valaskjálfi á Egilsstöðum, sem hefst 6. apríl með sýningu á myndum eftir Jóhannes S. Kjarval. Sýning þessi, sem nefnist „Kjarval á Austurlandi“ verður opnuð föstudagskvöldið 6. apríl kl. 21 og stendur yfir helgina.

Leitast er við að fá á sýninguna myndir eftir Kjarval frá Austurlandi eins og nafn hennar bendir raunar til. Menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson opnar sýninguna, og Björn Th. Björnsson listfræðingur flytur sama kvöld erindi um Kjarval, en Björn annast jafnframt uppsetningu myndanna.

A laugardag kl. 14 verður dagskrá í tengslum við sýninguna. Fyrri liður hennar nefnist „Kynni mín af Kjarval“. Guðbrandur Magnússon fyrrum forstjóri tal- ar. Björn Th. Björnsson ræðir við

hjónin Þórð Jónsson og Sigrúnu Pálsdóttur frá Borgarfirði eystra. Og Björn Guttormsson bóndi á Ketilsstöðum í Hjaltastaðapinghá rekur kynni sín af listamanninum síðustu tuttugu árin, en í landi hans reisti Kjarval sér sumarbústað um 1950.

Loks flytur kór Tónlistarfélags Fljótssdalshéraðs undir stjórn Magnúsar Magnússonar lag Sigvalda Kaldalóns við kvæði Þorsteins Þorsteinssonar, sem hann orti í tilefni 50 ára afmælis Kjarvals.

Síðari hluti héraðsvökkunnar verður 13.-15. apríl. Á föstudagskvöld 13. apríl verður dagskrá Tónlistarfélags Fljótssdalshéraðs. Á laugardagskvöld verður Egilsstaðahreppur kynntur í hreppakynningu og á sunnudagskvöld flytur Leikfélag Fljótssdalshéraðs Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Leikstjóri er Sigurgeir H. Friðbjófsson.

Alibleikjan úr Kollafjarðarstöðinni

jafnvel betri en Mývatnssilungur

NÚ á næstunni geta húsmæður í Reykjavík fengið alibleikju úr Kollafjarðarstöðinni í matinn. Verður að þessu sinni seldar um ein lest af bleikju, sem alin hefur verið upp í tilraunaskyni. Í fyrra fór um hálf lest af Kollafjarðarbleikju á markað.

— Þetta er tveggja til fjögurra ára gamall fiskur, sagði Þór Guðjónsson veidimálastjóri, og þyngdin svona eitt til tvö pund. Bleikjan er kynjuð úr Hlíðarvatni, en hefur verið kynbætt með úrvali í Kollafjarðarstöðinni.

Þessi bleikja er alin á þurr-fóðri, sem sett er saman eftir formúlu Jónasar Bjarnasonar og nú framleitt í þurr-fóðurverksmiðju, er stofnuð hefur verið í Hveragerði.

— Eg held, að þessi alibelikja okkar þyki mjög bragðgóð, sagði Þór enn fremur, og vist er það, að nafnkunnur Þingeyingur sagði við mig, að þetta væri bezt

bleikja, sem hann hefði bragðað, jafnvel betri en Mývatnssilungur. Og það er nokkuð há einkunn, þegar hún er gefin af Þingeyingi.

Fór sjálfur á kreik

ÞAD gerðist í gær í Hafnarfirði, að tíu hjóla trukkan, sem stóð mannlau á götu í Kinnahverfi, lagði sjálfur af stað og rann inn í garð við húsið Fögrukinn 19. Sem betur fór lét ferðinni þar lokið.



Auglýsingasímar
Tímans eru
1-95-23 & 18-300